**Fundargerð**

**273. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs**

Miðvikudaginn 25. september 2019 kl. $9^{00}$ – $10^{30}$.

Mætt:

Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður
Benedikt S. Benediktsson (BSB)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Heiðrún Lind Marteinsdóttir (HLM) (fj.v.)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) vm HLM

Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Gestir: Guðrún Ragnarsdóttir (GR) Strategía
Gunnlaug Einarsdóttir (GE) ráðgjafi
Ása Hauksdóttir (ÁH)
Íris Gunnarsdóttir (ÍG)

1. **Fundargerð síðasta fundar**

   *Samþykkt*

2. **Stefnumótun**

Á síðasta stjórnarfundi var ákveðið að hefja vinnu við stefnumótun. Guðrún Ragnarsdóttir ráðgjafi mun stýra verkefninu. Guðrún mætti á fundinn og fór yfir framkvæmd og tímasetningar á vinnunni framundan.
GR óskar eftir að eiga vinnufund með stjórn og starfsmönnum þann 9. október n.k. GR áætlar að kynning á lokaniðurstöðu stefnumótunar um hlutverk Úrvinnslusjóðs fyrir stjórn verði á stjórnarfundi 27. nóvember.

3. **Hringrásarhagkerfið**

Lögð var fram á fundinum greinargerð sem Gunnlaug Einarsdóttir hefur tekið saman um starfsvið Úrvinnslusjóðs og hvernig það fellur að hringrásarhagkerfinu (Circular Economy). Gunnlaug mætti á fundinn og fór yfir greinargerðina. GE fór yfir aukin verkefni Úrvinnslusjóðs á næstu 5-10 árum vegna krafna um framlengda framleiðendaábyrgð t.d. umbúðir úr málmi, gleri og timbri. Einnig tóbaksvörur með síu og stakar síur fyrir tóbaksvörur.
Farið var yfir að endurvinnslumarkmið fyrir endurvinnslu umbúða verður hækkað, sem og að setja söfnunar/endurvinnslumarkmið fyrir fleiri vöruflokka, t.d. söfnunarhlutfall veiðarfæra úr plasti.

4. **Úrvinnslusjóður**

LHG fór yfir samtal sitt við formann Reikningsskilaráðs. Ekki er komin niðurstaða er varðar Úrvinnslusjóð.

5. **Önnur mál**

ÓK kynnti nýtt fyrirkomulag fyrir stjórnarmönnum varðandi fundargögn, þ.m.t. minnisblöð og fundargerðir.

Næsti fundur 9.október 2019 kl. 13:00
Fundi slitið kl. 13.17

Laufey H. Guðmundsdóttir
Eygerður Margrétardóttir